

R fréttir – sumar 2013

Árni, Bjarki, Gunnar Örvars og Siggí hittust á sólríkkum 3. júlí og ræddu ýmislegt tengt R notkun hér á Hafró. Nánar tiltekið fimm atriði:

1 geo

geo pakkinn hefur dafnað ágætlega á <https://r-forge.r-project.org/projects/geo/> og eftir smá fínslípun væri líklega rétt að senda hann á CRAN. Þar myndi hann vera í stöðugu þjálfunarprógrammi (villuprófanir og ýmis gæðatékk) og alltaf í toppformi.

Það sem á eftir að fínslípa í **geo** er að (a) færa víðværa breytu **geopar** yfir í `options(geopar=)` sem endist aðeins út setuna, (b) losna við aðvaranir tengdar fallinu `inside.reg.bc` og (c) losna við aðvaranir tengdar ónotuðum hlutum. Nákvæma lýsingu á gæðakröfum CRAN er að finna á <http://cran.r-project.org/web/packages/policies.html>.

2 svn

Tölvusvið hefur útbúið Subversion-þjón til að vinna með verkefnahirslur (*project repositories*). Tilgangur Subversion er að auðvelda samstarf og halda utan um rekjanlega breytingasögu, hvort sem verkefnið snúast um forritun eða eitthvað allt annað. Með því að senda póst á `<help@hafro.is>` geta R notendur hér á Hafró búið til verkefnahirslu. Með því að slá inn skeljaskipunina

```
svn ls svn://hafkaldi
```

sé ég ýmis verkefni sem tengjast R og Gadget, en auk þess er svæðið ‘verk’ fyrir hvers kyns verkefni. Skorað er á alla R notendur að íhuga hvaða verkefni sem þeir vinna að gætu notið góðs af rekjanlegri breytingasögu og/eða samvinnu með vinnufélögum.

3 repos

Tölvusvið er einnig að koma á fót R pakkahirslu (*package repository*) sem mun geyma nýjustu útgáfur Hafró-pakka sem ekki eru á CRAN. Þessi pakkahirsla mun gagnast bæði notendum og kerfisstjórum. Pakkahirslan er ekki alveg komin í gang, en mun virka svona:

```
install.packages("Logbooks", repos="http://r.hafro.is")
```

4 r-forge & pakkar

Undanfarin ár hefur verið haldið utan um þróun Hafró-pakka á R-Forge og einnig á svæðinu ‘reikn/R/Pakkar’. Nú er stefnan að færa þróunina frá þessum svæðum og nota heldur þær verkefnahirslur (fyrir þróun) og pakkahirslu (til dreifingar) sem lýst er að ofan.

5 ora

Síðastliðið ár hefur verið tregða í viðhaldi **ROracleUI** pakkans og því notaðar gamlar útgáfur af **ROracle/ROracleUI** tvíeykinu. Nú horfir til betri vegar, þar sem **ROracleUI** hefur ekki aðeins verið uppfærður heldur endurfæddur og fengið nýtt nafn:

```
http://cran.r-project.org/web/packages/ora/ora.pdf
```

Þessi þjóðlega ora-dós fæddist 17. júní og er örlítið léttari en **ROracleUI** forveri hennar. Föllum hefur fækkað og þau einfaldast vegna bættrar meðhöndlunar **ROracle** á dagsetninga- og tíma-dálkum. Gæðin munu koma í ljós þegar ný kynslóð **ROracle/ora** verður tekin í almenna notkun á Hafró, eftir að Tölvusvið hefur lokið þýðingu á nýjustu útgáfu **ROracle** fyrir Windows. Fyrir notendur mun í raun ekkert breytast nema nafnið á pakkanum:

```
library(ora)
sql("SELECT * FROM all_users WHERE username LIKE '%FISKUR%'")
```

Að síðustu viljum við óska R notendum nær og fjær gleðilegs sumars.